

REGLUGERÐ

um kynningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að við kynningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu sé ávallt gætt málefnaþgra sjónarmiða og fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni með tilliti til öryggis og hagsmuna sjúklinga.

Reglugerðin gildir um kynningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu, efni þeirra og birtingu. Þar sem hugtakið auglýsing felur í sér hvers konar auglýsingu og kynningu verður hugtakið auglýsing notað yfir hvoru tveggja í reglugerð þessari.

Reglugerðinni er ætlað að tryggja hlutleysi við auglýsingar heilbrigðisþjónustu, tryggja öryggi sjúklinga, valmöguleika þeirra, jafnan og skjótan aðgang að þjónustu og auka samkeppni í heilbrigðisþjónustu.

Reglugerðin tekur til hvers konar auglýsinga heilbrigðisþjónustu, heilbrigðisstarfsmanna og annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu, sem birtar eru á opinberum vettvangi.

Undir auglýsingar heilbrigðisþjónustu falla táknrænar, skriflegar og munnlegar auglýsingar heilbrigðisþjónustu í öllum fjölmiðlum, vefmiðlum og samfélagsmiðlum, vefsíðum, tölvupósti og öðrum samskiptamiðlum, hvort sem um er að ræða texta og/eða myndir á pappírformi, á nafnspjöldum, á veggspjöldum, með auglýsingum í dagblöðum, tímaritum og fagtímaritum, auglýsingar í formi hljóðs og mynda í sjónvarpi og útvarpi, kvikmyndum, myndböndum og með rafrænum hætti.

Reglugerðin tekur til auglýsinga heilbrigðisþjónustu sjúkrahúsa sem rekin eru af hinu opinbera og til einkarekinna sjúkrahúsa, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna svo og annarra stofnana sem veita heilbrigðisþjónustu.

Reglugerðin tekur ekki til auglýsinga heilbrigðisþjónustu fagfélags eða í fagtímariti/félagsblaði viðkomandi heilbrigðisstéttar eða á heimasíðu þess, þar sem kynnt er þjónusta sem í boði er af félagsmönnum og í hvaða tilvikum þjónustan er notuð.

Ummæli heilbrigðisstarfsmanna um vörur er tengjast heilbrigðisþjónustu í faglegu samhengi í greinum eða fyrirlesturum teljast ekki auglýsingar.

Reglugerðin tekur ekki til upplýsinga um nýjungar í rannsóknum eða neytendakannana í sambandi við einn eða fleiri þjónustumöguleika. Þá tekur reglugerðin ekki til auglýsinga heilbrigðisþjónustu sem fram fara á ráðstefnum, sölusýningum og á námskeiðum sem haldnar eru fyrir heilbrigðisstarfsmenn og aðra starfsmenn í heilbrigðisþjónustu.

Að öðru leyti gilda um kynningar og auglýsingar heilbrigðisþjónustu lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, lög um sjúkraskrár nr. 55/2009, lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, lög um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018, lög um fjölmiðla nr. 38/2011, siðareglur fagfélaga heilbrigðisstarfsmanna svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

- Heilbrigðisþjónusta: Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.

2. Auglýsing heilbrigðisþjónustu: Hvers konar auglýsinga- eða kynningarstarfsemi, skrifleg eða munnleg, myndir, kynningar og fundir með það að markmiði að bjóða heilbrigðisþjónustu.
3. Heilbrigðisstarfsmaður: Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggildrar heilbrigðisstéttar.
4. Sjúklingur: Notandi heilbrigðisþjónustu

II. KAFLI

Skilyrði auglýsinga heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Kröfur til auglýsinga heilbrigðisþjónustu

Auglýsingar heilbrigðisþjónustu skulu vera hlutlægar og ávallt skal gætt málefnalegra sjónarmiða, staðreynda og fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni með tilliti til öryggis og hagsmuna sjúklinga. Þær skulu settar fram með þeim hætti að skýrt komi fram að um auglýsingu heilbrigðisþjónustu sé að ræða. Óheimilt er að nota rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar. Þá skal koma skýrt fram hver beri ábyrgð á auglýsingu.

Auglýsingar heilbrigðisþjónustu skulu eiga sér stoð í faglegum staðreyndum og upplýsingum um heilbrigðisþjónustu. Þær skulu settar fram og grundvallast á faglegum, viðurkenndum og vísindalega sönnuðum aðferðum. Þær skulu einnig settar fram með þeim hætti að skýrt og augljóst sé að um auglýsingar heilbrigðisþjónustu sé að ræða.

Við auglýsingar heilbrigðisþjónustu er heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum í heilbrigðisþjónustu heimilt að nota myndir, teikningar og firmamerki, sbr. þó 10. og 11. mgr. 4. gr. Heimilt er að upplýsa um menntun, sérhæfingu og tæknibúnað svo framarlega sem upplýsingarnar eru hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.

Upplýsingar um heilbrigðisþjónustu sem settar eru fram í auglýsingum skulu vera gagnreyndar, nákvæmar og áreiðanlegar og hafa öryggi þeirra sem leita eftir þjónustu að leiðarljósi. Þær skulu og vera sanngjarnar og þeim skal ekki á nokkurn hátt ætlað að blekkja eða vekja óraunhæfar væntingar hjá sjúklingum eða gera lítið úr áhættu eða inngrípi. Sannleiksgildi upplýsinga og framsettra fullyrðinga skal unnt að sannreyna.

Kynni heilbrigðisstarfsmaður sjálfan sig og starfsemi sína á vefsíðum eða með öðrum hætti skal hann birta siðareglur viðkomandi fagstéttar með aðgengilegum hætti.

Ávallt skal beita tilhlýðilegum aðferðum við auglýsingar til öflunar viðskipta.

Við auglýsingar heilbrigðisþjónustu má ekki gefa í skyn að til sé heilbrigðisþjónusta utan þeirrar sem eru gagnreynd og viðurkennd. Upplýsa skal um áhættu af viðkomandi þjónustu og algengustu aukaverkanir og/eða fylgikvilla sem geta komið í kjölfar hennar.

Heilbrigðisstarfsmenn skulu í auglýsingum um nýjungar í fræðigreinum gæta varkárni, fyllstu ábyrgðar og nákvæmni í ummælum.

Í auglýsingum um heilbrigðisþjónustu skulu heilbrigðisstarfsmenn gæta virðingar við annað heilbrigðisstarfsfólk og sjúklinga.

Upplýsa skal í auglýsingum um heilbrigðisþjónustu hver beri ábyrgð á þjónustunni og í hverju hún er fólgin. Fram komi nafn ábyrgðaraðila, heimilisfang, símanúmer, verðskrá og aðrar upplýsingar sem máli geta skipt.

Í auglýsingum um heilbrigðisþjónustu skal koma fram hvort starfandi sé á meðferðarstað heilbrigðisstarfsmaður sem er undir sérstöku eftirliti landlæknis, með takmarkað starfsleyfi vegna sviptingar starfsleyfis samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, sem skiptir máli varðandi framkvæmd auglýstrar heilbrigðisþjónustu, meðal annars vegna mistaka við veitta þjónustu eða færslu sjúkraskrár.

Þeir heilbrigðisstarfsmenn og aðrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, sem auglýsa heilbrigðisþjónustu, eru ábyrgir fyrir því að auglýsing uppfylli öll skilyrði reglugerðarinnar og að gætt sé þeirra reglna sem gilda skv. lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

4. gr.

Takmarkanir á auglýsingum heilbrigðisþjónustu.

Heimilt er að auglýsa heilbrigðisþjónustu hér á landi með þeim takmörkunum sem fram koma í reglugerð þessari, lögum og öðrum reglugerðum.

Eigi er heimilt að auglýsa heilbrigðisþjónustu í sjónvarpi, kvikmyndum eða myndböndum.

Auglýsingar skulu ávallt settar fram með þeim hætti að þær feli ekki í sér misnotkun á trausti, trúgirmi, eða reynsluleysi þeirra sem þær beinast að og taka þarf tillit til samtíma áhrifa þeirra á sjúklinga.

Óheimilt er að beina auglýsingum um heilbrigðisþjónustu að ákveðnum einstaklingum.

Óheimilt er að beina auglýsingum um heilbrigðisþjónustu að börnum.

Heilbrigðisstarfsmenn og þeir sem veita heilbrigðisþjónustu mega ekki leyfa notkun á lærdómstitli sínum við auglýsingar heilbrigðisþjónustu um vörur er tengjast heilbrigðisþjónustu eða neinn þann varning sem talinn er lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma.

Heilbrigðisstarfsmenn skulu gæta þess í ræðu og riti að haga umfjöllun sinni um vörur er tengjast heilbrigðisþjónustu með þeim hætti að það verði ekki talið fela í sér auglýsingar.

Óheimilt að draga úr áhættu við aðgerðir, nota niðrandi orð eða myndir varðandi líkamlegt útlit eða vekja upp fordóma gegn eðlilegum mismun á líkama fólks.

Óheimilt er að auglýsa með myndum eða myndskeldum af útliti fyrir og eftir aðgerð.

Auglýsingar skulu ekki innihalda tilboð eða upplýsingar um greiðslu- eða lánafyrirkomulag.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Eftirlit og refsingar.

Lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með síðari breytingum, gilda um eftirlit og refsingar vegna kynninga og auglýsinga heilbrigðisþjónustu.

Að öðru leyti gilda lög nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 24. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, xx. apríl 2023.

Willum Þór Þórsson.

Ásta Valdimarsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: